

# Nýsköpunartogarar

## 1946 - 1965

Eftir stríðið var gert stóráttak á vegum ríkisvaldsins í uppbyggingu togaraflotans. Nýir togarar streymdu til landsins á árunum 1947-1950. Flestir þeirra voru gerðir út af bæjarútgerðum eða hlutafélögum með aðild bæjarfélaga. Á Ísafirði var stofnað hlutafélag með aðild bæjarins og einstaklinga, sem gerði út tvo nýsköpunartogara, Ísborg og Sólborg. Á Patreksfirði héldu Vatneyrarbræður uppi merki einkaframtaksins og gerðu togarana, Ólaf Jóhannesson og Gylfa.

Í stríðinu sátu íslenskir togarar einir að miðunum og fram um 1950 voru aflabrogð góð. Á næstu árum rann upp erfiðleikaskeið í togaraútgerð. Breskir og þýskir togarar sóttu aftur á Íslandsmið og aflinn dróst saman. Togarnir voru sendir á fjarlæg mið við Grænland og Nýfundnaland. Með minnkandi afla dróst hásetahluturinn saman og erfiðara varð að manna togarana. Dæmi voru um að menn væru „sjanghæjaðir“ í sex vikna túra á togara, beint af öldurhúsum Reykjavíkur.

Gjaldeyrishöft og millifærslukerfi í sjávarútvegi bitnuðu hart á togaraútgerðinni. Togaraútgerð lagðist af á Vestfjörðum eftir 1965, þegar Gylfa BA var lagt. Tímabili síðutogaranna lauk.

